



Akureyri, 13. mars 2020.

Umsögn Akureyrarbæjar um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.

Hér að neðan má sjá athugasemdir frá Akureyrarbæ, þar sem farið er yfir drögin og í lokin áherslu bæjarráðs:

1) Í 2. tl. 3. gr. er tilgreint að héraðsskjalasafn skuli hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Á Akureyri hefur það ekki tíðkast en reksturinn verið hluti af rekstri A-hluta bæjarsjóðs en önnur aðildarsveitarfélög í Eyjafirði greiða árlega hlut í rekstrinum skv. reikingi. Allur rekstrarkostnaður og tekjur safnsins eru færðar á sér kostnaðarstöð í bókhaldi Akureyrarbæjar og þannig er hægur vandi að gera grein fyrir öllum rekstri og upplýsingar um hann koma fram í ársreikningum bæjarins sem áritaðir eru af löggiltum endurskoðendum. Þetta hefur þá augljósu kosti að safnið nýtur fullrar þjónustu stoðeilda Akureyrarbæjar í starfsmannámum, bókhaldi, húsnæðis- og tæknimálum. Ekki er ljóst hvort ákvæðið, eins og það stendur nú, hefði áhrif á þetta fyrirkomulag. Akureyrarbær sér ekki ástæðu til þess að breyta því enda hefur það engin neikvæð áhrif á faglegt starf safnsins nema síður sé.

2) Í 7. tl. 3. gr. segir að héraðsskjalasafn skuli hafa yfir að ráða búnaði (vél- og hugbúnaði) og sérfræðipækkingu til viðtöku og vörslu rafrænna gagna sem tryggja að viðtaka og varðveisla rafrænna gagna uppfylli reglur þar að lútandi sem settar eru á grundvelli laga. Í b. lið 3.tl. 3. gr. er kveðið á um að rafræn skjöl afhent safninu skuli vera í lokuðu rými, sem er aðgangsstýrt og ekki í tengslum við opið net. Af orðalagi beggja þessara greina má ætla að hvert og eitt héraðsskjalasafn þurfi að koma sér upp móttökuverkstæði fyrir rafræn gögn og að á hverju safni sé starfandi sérfræðingur á sviði rafrænnar skjalavörslu. Enn er mörgum spurningum ósvarað um varðveislu rafrænna gagna og mikið verk framundan og kostnaður vegna þeirra óljós. Mikið og augljóst hagræði væri af því að sveitarfélög hefðu samvinnu um þetta stóra verkefni. Orðalag þessara áður nefndu greina

virðist útiloka þann möguleika. Nauðsynlegt er að endurorða þessar greinar þannig að ekki sé lokað á samvinnu héraðsskjalasafna eða annarra aðila sín á milli um verkefnið.

Auk þess má benda á að í nútíma samfélagi verða flest gögn sveitarfélaga til í rafrænu umhverfi og í því ljósi er eðlilegast að þau séu varðveitt með rafrænum hætti. Eigi að síður er það sveitarfélaganna sjálfra að taka ákvörðun þar um. Skilyrði um vélabúnað á héraðsskjalasafni til móttöku rafrænna gagna fyrir rekstrarleyfi vekur spurningar um stöðu safnsins, ef sveitarfélög sem að því standa kjósa að varðveita sín gögn á pappír.

Loks má geta þess að Akureyrarbær hefur sett fram þá hugmynd að setja upp móttökuværktæði á vegum Þjóðskjalasafns í samstarfi við héraðsskjalasöfnin sem væri sameiginlegt fyrir allt landið en staðsett á Akureyri í því skyni að skapa ný sérfræðistörf og þjónustu á vegum hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins.

3) Í 6. grein reglugerðardraganna kemur fram að þau héraðsskjalasöfn sem nú þegar eru í rekstri hafi þrjú ár til þess að fá endurnýjað rekstrarleyfi. Ekki er ljóst hvernig starfandi söfn bera sig að við að sækja um starfsleyfi eða hvaða ferli í þá veruna fer fram á þeim þremur árum sem tilgreind eru. Þá er óljós staða starfandi safna sem mögulega fá ekki umrætt rekstrarleyfi. Ekki er getið um gildistíma rekstrarleyfis. Skýra má hvernig veiting leyfis á að fara fram og samræma orðalag milli 2. og 3. greinar reglugerðardraganna að þessu leyti.

4) Í 9. gr. laga um opinber skjalasöfn er talað um að héraðsskjalasöfn skuli stunda eftirlit en í greininni kemur fátt annað fram um eftirlitshlutverkið og fyrirliggjandi drög að reglugerð bæta engu þar við. Í því sambandi má spyrja hvort ástæða væri til að lýsa því hlutverki nánar í reglugerðinni eða í leiðbeiningum. Þar mætti fara yfir eftirlit héraðsskjalasafna með afhendingarskyldum aðilum og skýra stöðu héraðsskjalavörðna t.d. þegar héraðsskjalavörður kannar skjalavörslu sinna yfirmanna og hvert skuli leita í ágreiningsmálum og fleira í þeim dúr.

5) Í 8. tl. 3. gr. er gert að skilyrði fyrir rekstrarleyfi að héraðsskjalasafn haldi úti vef eða sé aðili að vef þar sem upplýsingar og starfsemi og safnkost eru birtar. Ljóst er að hér er atriði sem snertir góða starfshætti og öll söfn ættu að hafa á sinni stefnuskrá að uppfylla en vafasamt er að gera þetta að skilyrði rekstrarleyfis í reglugerð.

6) Í 5. gr. reglugerðardraganna er fjallað um förgun og ónýtingu skjala afhendingarskylds aðila. Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 44/2014 segir 24. gr.: „Þjóðskjalasafn skal setja

sérstakar reglur skv. 3. tölul. 8. gr. um förgun skjala fyrir afhendingarskylda aðila eftir því sem við verður komið“. Ekki verður betur séð en að um þetta atriði eigi að gilda sérstakar reglur þannig að ekki sé nauðsynlegt að geta sérstaklega um förgun og ónýtingu í reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns. Akureyrarbær leggur áherslu á að fjárhagsleg áhrif reglugerðarinnar verði metin og Þjóðskjalasafni verði gert kleift að fylgja körfum eftir með fjárhagslegum stuðningi við héraðsskjalasöfnin þannig að sveitarfélög verði ekki ein um að bera kostnað af kröfum sem settar eru af ríkisvaldinu. Í því ljósi má almennt segja um reglugerðina að hún sé ítarleg um þær skyldur sem héraðsskjalasöfnum beri að uppfylla en sé óljós um réttindi sem þeim ber í formi styrkja úr ríkissjóði og þjónustu og aðstoðar að hálfu Þjóðskjalasafns. Úr því þarf nauðsynlega að bæta.

Bæjarráð Akureyrarbæjar leggur áherslu á að fjárhagsleg áhrif reglugerðarinnar verði metin og Þjóðskjalasafni verði gert kleift að fylgja kröfum eftir með fjárhagslegum stuðningi við héraðsskjalasöfnin þannig að sveitarfélög verði ekki ein um að bera kostnað af kröfum sem settar eru af ríkisvaldinu.

Virðingarfyllst

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri